Landsvirkjun

Samandreginn árshlutareikningur
1.1.-30.9.2025



# Efnisyfirlit


Lykilstærðir.....3

Helstu upplýsingar.....4

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra.....5

Rekstrarreikningur.....6

Yfirlit um heildarafkomu.....7

Efnahagsreikningur.....8

Eiginfjáryfirlit.....9

Sjóðstreymisyfirlit.....10

Skýringar.....11


HEIMSMARKMIÐIN
Markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun

Jafnlaunagreining PwC 2025

JAFNLAUNAVOTTUN 2025 - 2028

# Lykilstærðir

## Rekstrartekjur




## Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði




## Handbært fé frá rekstri




## Nettó skuldir







Uppsett afl **2.158 MW**

15 Vatnsaflsst. **2.001 MW**

3 Jarðvarmast. **155 MW**

2 Vindmyllur **2 MW**

# Helstu upplýsingar

## Framsetning stjórnenda á rekstri Landsvirkjunar

| | 2025<br>1.1.-30.9. | 2024<br>1.1.-30.9. | 2023<br>1.1.-30.9. | 2022<br>1.1.-30.9. | 2021<br>1.1.-30.9. |
|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstur** | | | | | |
| Rekstrartekjur | 444.698 | 411.903 | 431.314 | 515.423 | 377.027 |
| Innleystar áhættuvarnir | ( 158) | 2.103 | 64.049 | ( 82.023) | ( 33.592) |
| **Rekstrartekjur samtals** | 444.540 | 414.006 | 495.363 | 433.400 | 343.435 |
| Rekstrar- og viðhaldskostnaður | ( 153.225) | ( 122.813) | ( 117.422) | ( 114.295) | ( 111.434) |
| **Rekstrarhagnaður án afskrifta (EBITDA )** | 291.315 | 291.193 | 377.941 | 319.105 | 232.001 |
| Afskriftir og virðisrýrnun | ( 74.111) | ( 74.996) | ( 79.325) | ( 81.214) | ( 80.690) |
| **Rekstrarhagnaður (EBIT)** | 217.204 | 216.197 | 298.616 | 237.891 | 151.311 |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | ( 6.843) | ( 8.956) | ( 9.300) | ( 27.529) | ( 30.294) |
| Áhrif dóttur- og hlutdeildarfélaga | 113 | 1.163 | 644 | 18.178 | 17.712 |
| **Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði** | 210.474 | 208.404 | 289.960 | 228.540 | 138.729 |
| **Óinnleystir fjármagnsliðir:** | | | | | |
| Gangvirðisbreytingar innbyggðra afleiða | 18.766 | ( 18.824) | ( 34.041) | 39.384 | 49.242 |
| Gangvirðisbreytingar annarra afleiða | ( 3.886) | ( 6.870) | 8.671 | 16.471 | ( 58.987) |
| Óinnleystur gjaldeyrismunur | ( 12.718) | ( 756) | ( 8.481) | 23.817 | 7.942 |
| | 2.162 | ( 26.450) | ( 33.851) | 79.672 | ( 1.803) |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | 212.636 | 181.954 | 256.109 | 308.212 | 136.926 |
| Tekjuskattur | ( 86.905) | ( 71.173) | ( 96.682) | ( 104.391) | ( 44.233) |
| **Hagnaður tímabilsins** | 125.731 | 110.781 | 159.427 | 203.821 | 92.693 |
| **Efnahagur** | **30.9.2025** | **30.9.2024** | **30.9.2023** | **30.9.2022** | **30.9.2021** |
| Eignir samtals | 3.538.810 | 3.609.474 | 3.773.748 | 3.869.482 | 3.785.118 |
| Eigið fé samtals | 2.232.923 | 2.253.194 | 2.314.554 | 2.295.440 | 2.143.914 |
| Skuldir samtals | 1.305.887 | 1.356.280 | 1.459.194 | 1.574.042 | 1.641.204 |
| Nettó skuldir * | 628.383 | 606.026 | 564.841 | 839.547 | 1.135.208 |
| **Sjóðstreymi** | **1.1.-30.9.** | **1.1.-30.9.** | **1.1.-30.9.** | **1.1.-30.9.** | **1.1.-30.9.** |
| Veltufé frá rekstri (FFO) | 273.097 | 280.436 | 364.573 | 295.476 | 199.219 |
| Handbært fé frá rekstri | 192.488 | 226.403 | 362.613 | 290.531 | 189.084 |
| Fjárfestingar | ( 49.035) | ( 21.504) | ( 12.157) | 1.163 | ( 7.825) |
| Fjármögnun | ( 138.794) | ( 137.571) | ( 291.388) | ( 150.760) | ( 121.339) |
| **Lausafé** | **30.9.2025** | **30.9.2024** | **30.9.2023** | **30.9.2022** | **30.9.2021** |
| Handbært fé | 89.372 | 152.787 | 212.220 | 203.323 | 119.442 |
| Óádregin lán | 125.000 | 125.000 | 125.000 | 150.000 | 150.000 |
| Lausafé alls | 214.372 | 277.787 | 337.220 | 353.323 | 269.442 |
| **Kennitölur** | | | | | |
| Arðsemi eiginfjár ** | 7,8% | 6,9% | 5,1% | 11,5% | 5,2% |
| Eiginfjárhlutfall | 63,1% | 62,4% | 61,3% | 59,3% | 56,6% |
| Vaxtaþekja (EBITDA/ nettó vaxtagjöld) ** | 39,84x | 39,68x | 29,57x | 11,82x | 7,39x |
| Veltufé frá rekstri / nettó skuldir ** | 62,0% | 65,2% | 87,0% | 45,7% | 22,5% |
| Veltufé frá rekstri / vaxtagjöld ** | 15,14x | 12,72x | 13,63x | 10,18x | 6,16x |
| Nettó skuldir / EBITDA ** | 1,53x | 1,48x | 1,10x | 2,00x | 3,77x |
| **Lánshæfiseinkunn í lok september** | | | | | |
| Standard & Poor's | A- | A- | BBB+ | BBB+ | BBB+ |

* Nettó skuldir eru vaxtaberandi skuldir að frádregnu handbæru fé

** Kennitölur miðast við síðustu 12 mánuði

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Tilgangur Landsvirkjunar er að stunda starfsemi á orkusviði ásamt annarri viðskipta- og fjármálastarfsemi samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni. Samandreginn árshlutareikningur fyrirtækisins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2025 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34 um árshlutareikninga og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga og hefur að geyma árshlutareikning félagsins þar sem færð er hlutdeild í afkomu dótturfélaganna Icelandic Power Insurance Ltd., H 68 ehf., Landsvirkjunar Power ehf. og hlutdeildarfélaga. Ekki er gerður samstæðuárshlutareikningur. Árshlutareikningur þessi hefur hvorki verið endurskoðaður né kannaður af endurskoðendum fyrirtækisins.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður af rekstri félagsins á tímabilinu janúar til september 2025 125,7 milljónum USD, en hagnaður á sama tímabili árið 2024 var 110,8 milljónir USD. Breytingin á milli tímabila nemur 14,9 milljónum USD. Rekstrartekjur námu 444,5 milljónum USD á tímabilinu en voru 414,0 milljónir USD á sama tímabili árið áður. Gangvirðisbreytingar afleiðusamninga voru jákvæðar um 14,9 milljónir USD á tímabilinu janúar til september 2025 en voru neikvæðar um 25,7 milljónir USD á sama tímabili árið áður. Gjaldeyrismunur var neikvæður um 12,1 milljón USD á tímabilinu en neikvæður um 1,4 milljónir USD á sama tímabili árið áður. Handbært fé frá rekstri var 192,5 milljónir USD á tímabilinu en var 226,4 milljónir USD á sama tímabili árið áður. Í lok september 2025 nam handbært fé samtals 89,4 milljónum USD og óádregin lán 125,0 milljónum USD eða alls 214,4 milljónir USD. Eigið fé félagsins í lok september var 2.232,9 milljónir USD samkvæmt efnahagsreikningi en 2.303,8 milljónir USD í árslok 2024.

### Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er árshlutareikningur félagsins í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga. Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu félagsins 30. september 2025, rekstrarafkomu og breytingu á handbæru fé á tímabilinu janúar til september 2025.

Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn og skýrsla stjórnar fyrir tímabilið janúar til september 2025 gefi glöggt yfirlit um árangur af rekstri félagsins, stöðu þess og þróun og lýsi helstu áhættuþáttum sem félagið býr við.

Stjórn og forstjóri hafa í dag farið yfir árshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2025 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 20. nóvember 2025.

Í stjórn félagsins:
Brynja Baldursdóttir
Berglind Ásgeirsdóttir
Hörður Þórhallsson
Sigurður Magnús Garðarsson
Þórdís Ingadóttir

Forstjóri:
Hörður Arnarson

# Rekstrarreikningur

| | Skýr. | 2025<br>1.1.-30.9. | 2024<br>1.1.-30.9. | 2025<br>F3 | 2024<br>F3 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | | | |
| Raforkusala | 6 | 407.948 | 382.729 | 135.342 | 126.754 |
| Innleystar áhættuvarnir | | ( 158) | 2.103 | ( 151) | 745 |
| Aðrar tekjur | | 36.750 | 29.174 | 6.907 | 7.435 |
| | | 444.540 | 414.006 | 142.098 | 134.934 |
| **Rekstrargjöld** | | | | | |
| Orkuvinnsla | | 171.049 | 152.773 | 60.059 | 53.812 |
| Almennar rannsóknir | | 9.412 | 8.271 | 3.018 | 2.762 |
| Annar rekstrarkostnaður | | 46.875 | 36.765 | 21.169 | 11.333 |
| | | 227.336 | 197.809 | 84.246 | 67.907 |
| **Rekstrarhagnaður** | | 217.204 | 216.197 | 57.852 | 67.027 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | | | | |
| Vaxtatekjur | | 11.104 | 14.708 | 3.359 | 4.821 |
| Vaxtagjöld | | ( 18.516) | ( 23.057) | ( 4.831) | ( 7.269) |
| Gjaldeyrismunur | | ( 12.149) | ( 1.363) | 343 | ( 3.858) |
| Gangvirðisbreytingar innbyggðra afleiða | | 18.766 | ( 18.824) | 13.154 | 8.835 |
| Gangvirðisbreytingar annarra afleiðusamninga | | ( 3.886) | ( 6.870) | ( 2.711) | ( 2.374) |
| | 7 | ( 4.681) | ( 35.406) | 9.314 | 155 |
| Áhrif dóttur- og hlutdeildarfélaga | | 113 | 1.163 | ( 561) | 502 |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | | 212.636 | 181.954 | 66.605 | 67.684 |
| Tekjuskattur | | ( 86.905) | ( 71.173) | ( 27.739) | ( 27.385) |
| **Hagnaður tímabilsins** | | 125.731 | 110.781 | 38.866 | 40.299 |

Skýringar nr. 1 til 14 eru óaðskiljanlegur hluti þessa árshlutareiknings

# Yfirlit um heildarafkomu

| | 2025<br>1.1.-30.9. | 2024<br>1.1.-30.9. | 2025<br>F3 | 2024<br>F3 |
|---|---|---|---|---|
| **Hagnaður tímabilsins.........................................** | 125.731 | 110.781 | 38.866 | 40.299 |
| **Liðir færðir beint á eigið fé sem munu ekki vera færðir síðar í rekstrarreikning:** | | | | |
| Lífeyrisskuldbinding að frádregnum tekjuskatti, br. ..... | ( 2.617) | ( 1.761) | ( 944) | ( 582) |
| **Liðir færðir beint á eigið fé sem gætu verið færðir síðar í rekstrarreikning:** | | | | |
| Þýðingarmunur vegna dóttur- og hlutdeildarfélaga ..... | 998 | 59 | ( 95) | 278 |
| Rekstrarliðir færðir á eigið fé samtals | ( 1.619) | ( 1.702) | ( 1.039) | ( 304) |
| **Heildarhagnaður tímabilsins..............................** | 124.112 | 109.079 | 37.827 | 39.995 |

Skýringar nr. 1 til 14 eru óaðskiljanlegur hluti þessa árshlutareiknings

# Efnahagsreikningur

| Eignir | Skýr. | 30.9.2025 | 31.12.2024 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Rekstrarfjármunir | | 2.797.273 | 2.836.572 |
| Rekstrarfjármunir í byggingu | | 65.135 | 28.874 |
| Undirbúningskostnaður | | 162.708 | 129.632 |
| Aðrar óefnislegar eignir | | 50.149 | 50.475 |
| Afleiðusamningar | 8 | 49.314 | 33.517 |
| Dótturfélög | | 5.105 | 8.201 |
| Hlutdeildarfélög | | 6.349 | 5.303 |
| Lán til tengdra aðila | | 62.525 | 186.326 |
| Eignarhlutir í öðrum félögum | | 786 | 690 |
| Fastafjármunir samtals | | 3.199.344 | 3.279.590 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | | 70.459 | 58.572 |
| Kröfur á tengda aðila | | 160.693 | 41.028 |
| Afleiðusamningar | 8 | 18.942 | 12.051 |
| Eignir til sölu | | 0 | 7.864 |
| Handbært fé | | 89.372 | 78.781 |
| Veltufjármunir samtals | | 339.466 | 198.296 |
| **Eignir samtals** | | 3.538.810 | 3.477.886 |
| **Eigið fé og skuldir** | | | |
| **Eigið fé** | | | |
| Eigendaframlög | | 586.512 | 586.512 |
| Bundin hlutdeild | | 3.622 | 3.172 |
| Þýðingarmunur | | ( 15.654) | ( 16.652) |
| Annað eigið fé | | 1.658.443 | 1.730.779 |
| Eigið fé samtals | | 2.232.923 | 2.303.811 |
| **Langtímaskuldir** | | | |
| Vaxtaberandi skuldir | 9 | 480.253 | 563.096 |
| Lífeyrisskuldbindingar | | 46.974 | 39.204 |
| Tekjuskattsskuldbinding | | 275.753 | 255.117 |
| Leiguskuldbinding | | 12.439 | 8.375 |
| Niðurrifsskuldbinding | | 175 | 0 |
| Afleiðusamningar | 8 | 2.789 | 2.337 |
| | | 818.383 | 868.129 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir | 11 | 183.163 | 37.650 |
| Vaxtaberandi skuldir | 9 | 237.503 | 182.631 |
| Tekjuskattur til greiðslu | | 64.691 | 83.287 |
| Skuld við tengd félög | | 100 | 499 |
| Afleiðusamningar | 8 | 2.047 | 1.879 |
| | | 487.504 | 305.946 |
| Skuldir samtals | | 1.305.887 | 1.174.075 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 3.538.810 | 3.477.886 |

Skýringar nr. 1 til 14 eru óaðskiljanlegur hluti þessa árshlutareiknings

# Eiginfjáryfirlit

| | Eigenda-framlög | Bundin hlutdeild | Þýðingar-munur | Annað eigið fé | Eigið fé samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| **1. janúar til 30. september 2025** | | | | | |
| Eigið fé 1. janúar 2025 | 586.512 | 3.172 | (16.652) | 1.730.779 | 2.303.811 |
| Hagnaður tímabilsins | | | | 125.731 | 125.731 |
| Þýðingarmunur | | | 998 | | 998 |
| Lífeyrisskuldbinding, br. | | | | (2.617) | (2.617) |
| Heildarhagnaður | | | 998 | 123.114 | 124.112 |
| Arður til eigenda | | | | (195.000) | (195.000) |
| Hlutdeild í hagnaði dóttur- og hlutd.félaga millif.. | | 450 | | (450) | 0 |
| Eigið fé 30. september 2025 | 586.512 | 3.622 | (15.654) | 1.658.443 | 2.232.923 |
| **1. janúar til 30. september 2024** | | | | | |
| Eigið fé 1. janúar 2024 | 586.512 | 2.199 | (16.449) | 1.791.852 | 2.364.114 |
| Hagnaður tímabilsins | | | | 110.781 | 110.781 |
| Þýðingarmunur | | | 59 | | 59 |
| Lífeyrisskuldbinding, br. | | | | (1.761) | (1.761) |
| Heildarhagnaður | | | 59 | 109.020 | 109.079 |
| Arður til eigenda | | | | (220.000) | (220.000) |
| Hlutdeild í hagnaði dóttur- og hlutd.félaga millif.. | | 450 | | (450) | 0 |
| Eigið fé 30. september 2024 | 586.512 | 2.649 | (16.390) | 1.680.423 | 2.253.194 |

Skýringar nr. 1 til 14 eru óaðskiljanlegur hluti þessa árshlutareiknings

# Sjóðstreymisyfirlit

| | 2025 1.1.-30.9. | 2024 1.1.-30.9. | 2025 F3 | 2024 F3 |
|---|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | | |
| Rekstrarhagnaður | 217.204 | 216.197 | 57.852 | 67.027 |
| Afskriftir og virðisrýrnun | 74.111 | 74.996 | 24.685 | 24.945 |
| Lífeyrisskuldbinding, breyting | ( 1.941) | ( 1.741) | ( 756) | ( 570) |
| Aðrar breytingar | ( 2.324) | ( 12) | ( 3) | 0 |
| Veltufé frá rekstri án fjármagnsliða | 287.050 | 289.440 | 81.778 | 91.402 |
| Rekstrartengdar eignir og skuldir, breyting | 6.961 | 6.688 | 1.588 | ( 590) |
| Handbært fé frá rekstri án fjármagnsliða | 294.011 | 296.128 | 83.366 | 90.812 |
| Innborgaðar vaxtatekjur | 8.767 | 12.006 | 1.145 | 2.097 |
| Greidd vaxtagjöld og gjaldeyrismunur | ( 24.654) | ( 23.630) | ( 4.472) | ( 8.150) |
| Greiddir skattar | ( 85.636) | ( 58.101) | ( 33.924) | ( 21.733) |
| Handbært fé frá rekstri | 192.488 | 226.403 | 46.115 | 63.026 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | | |
| Aflstöðvar í rekstri | ( 16.043) | ( 13.602) | ( 6.113) | ( 7.710) |
| Aflstöðvar í byggingu | ( 28.408) | ( 14.848) | ( 14.456) | ( 14.848) |
| Virkjanaundirbúningur | ( 24.374) | ( 9.301) | ( 12.729) | ( 3.275) |
| Keypt hlutabréf | ( 4) | ( 23) | 0 | ( 23) |
| Innborgaður arður | 3.876 | 0 | 0 | 0 |
| Aðrar fjárfestingar | ( 13.045) | ( 3.701) | ( 1.273) | ( 680) |
| Seldar eignir | 1.607 | 74 | 1.428 | 0 |
| Lán til tengdra aðila, breyting | 27.356 | 19.897 | 7.294 | 0 |
| Fjárfestingarhreyfingar | ( 49.035) | ( 21.504) | ( 25.849) | ( 26.536) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | | |
| Greiddur arður | ( 90.000) | ( 110.000) | 0 | 0 |
| Lækkun hlutafjár | 179 | 0 | 0 | 0 |
| Lántökur | 100.000 | 0 | 0 | 0 |
| Afborganir lána til langs tíma | ( 148.973) | ( 27.571) | ( 12.927) | ( 12.872) |
| Fjármögnunarhreyfingar | ( 138.794) | ( 137.571) | ( 12.927) | ( 12.872) |
| **Breyting á handbæru fé** | 4.659 | 67.328 | 7.339 | 23.618 |
| **Áhrif gengisbreytinga á handbært fé** | 5.932 | 203 | ( 178) | 1.131 |
| **Handbært fé í byrjun tímabils** | 78.781 | 85.256 | 82.211 | 128.038 |
| **Handbært fé í lok tímabilsins** | 89.372 | 152.787 | 89.372 | 152.787 |

Skýringar nr. 1 til 14 eru óaðskiljanlegur hluti þessa árshlutareiknings

# Skýringar

## Almennar upplýsingar

### 1. Landsvirkjun

Landsvirkjun er sameignarfyrirtæki sem er með starfsstöðvar sínar á Íslandi og eru höfuðstöðvar þess að Katrínartúni 2, Reykjavík. Landsvirkjun starfar á grundvelli laga nr. 42/1983 um fyrirtækið. Megintilgangur fyrirtækisins er að stunda starfsemi á orkusviði. Árshlutareikningurinn hefur að geyma árshlutareikning félagsins og hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarfélaga.

### 2. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34 eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga. Samandreginn árshlutareikningur Landsvirkjunar inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning félagsins fyrir árið 2024.

### 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings félagsins fyrir árið 2024 fyrir utan það að félagið hefur innleitt nýja alþjóðlega reikningsskilastaðla, eins og þeir eru samþykktir af Evrópusambandinu í upphafi tímabils 1. janúar 2025, breytingar á þeim og nýjar túlkanir. Félagið hefur ekki innleitt nýja eða endurbætta staðla sem hafa verið gefnir út en ekki tekið gildi. Hægt er að nálgast ársreikninginn fyrir árið 2024 á vef Landsvirkjunar www.landsvirkjun.is og á vef NASDAQ OMX Iceland; www.nasdaqomxnordic.com.

Árshlutareikningurinn er gerður í bandaríkjadölum, sem er starfrækslumynt félagsins. Fjárhæðir eru birtar í þúsundum bandaríkjadala nema annað sé tekið fram.

### 4. Mat og ákvarðanir

Gerð árshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

### 5. Starfsþáttayfirlit

Öll starfsemi félagsins fellur undir einn starfsþátt, en tilgangur Landsvirkjunar samkvæmt lögum er að stunda starfsemi á orkusviði ásamt annarri viðskipta- og fjármálastarfsemi samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni. Orkuvinnsla Landsvirkjunar byggist á vatnsafli, jarðhita og vindi. Landsvirkjun selur alla raforku sína á Íslandi, annars vegar í heildsölu til raforkusmásala og hins vegar beint til stórnotenda.

### 6. Rekstrartekjur

| Raforkusala greinist þannig: | **2025**<br>1.1.-30.9. | **2024**<br>1.1.-30.9. |
|---|---|---|
| Heildsala | 95.171 | 88.389 |
| Iðnaður | 312.777 | 294.340 |
| Raforkusala samtals | 407.948 | 382.729 |

# Skýringar, frh.:

## 7. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

| | 2025<br>1.1.-30.9. | 2024<br>1.1.-30.9. |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur | 11.104 | 14.708 |
| Vaxtagjöld | ( 19.938) | ( 22.648) |
| Ábyrgðargjald | ( 434) | ( 409) |
| Eignfærðir vextir | 1.856 | 0 |
| Vaxtagjöld samtals | ( 18.516) | ( 23.057) |
| Innleystur gjaldeyrismunur | 569 | ( 607) |
| Óinnleystur gjaldeyrismunur | ( 12.718) | ( 756) |
| Gjaldeyrismunur samtals | ( 12.149) | ( 1.363) |
| Gangvirðisbreytingar innbyggðra afleiða | 18.766 | ( 18.824) |
| Gangvirðisbreyting annarra afleiðusamninga | ( 3.886) | ( 6.870) |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | ( 4.681) | ( 35.406) |

## 8. Afleiðusamningar í efnahagsreikningi

Afleiðusamningar í efnahagsreikningi sundurliðast þannig:

| | 30.9.2025 | 31.12.2024 |
|---|---|---|
| **Eignir:** | | |
| Innbyggðir afleiðusamningar í raforkusamningum | 60.893 | 42.127 |
| Hrávöruvarnir | 1.954 | 3.441 |
| Gjaldmiðla- og vaxtaskiptasamningar | 5.409 | 0 |
| | 68.256 | 45.568 |
| Skipting afleiðusamninga er eftirfarandi: | | |
| Langtímahluti afleiðusamninga | 49.314 | 33.517 |
| Skammtímahluti afleiðusamninga | 18.942 | 12.051 |
| | 68.256 | 45.568 |
| **Skuldir:** | | |
| Hrávöruvarnir | 4.836 | 2.984 |
| Gjaldmiðlasamningar | 0 | 1.232 |
| | 4.836 | 4.216 |
| Skipting afleiðusamninga er eftirfarandi: | | |
| Langtímahluti afleiðusamninga | 2.789 | 2.337 |
| Skammtímahluti afleiðusamninga | 2.047 | 1.879 |
| | 4.836 | 4.216 |

## 9. Skuldir

Vaxtaberandi langtímaskuldir greinast þannig eftir gjaldmiðlum:

| | | 30.9.2025 | | 31.12.2024 | |
|---|---|---|---|---|---|
| | Loka-gjalddagi | Meðal-vextir | Eftir-stöðvar | Meðal-vextir | Eftir-stöðvar |
| Skuldir í EUR | 2026 | 2,0% | 176.108 | 3,2% | 156.164 |
| Skuldir í USD | 2025-2035 | 3,9% | 541.648 | 3,9% | 589.563 |
| | | | 717.756 | | 745.727 |
| Afborganir næsta árs | | | ( 237.503) | | ( 182.631) |
| Skuldir til langs tíma samtals | | | 480.253 | | 563.096 |

## 9. Skuldir, frh.:

Vaxtakjör af lánum voru á bilinu 2,0-5,5%. Að jafnaði voru nafnvextir á tímabilinu um 3,4%, að teknu tilliti til ríkisábyrgðargjalds (2024: 3,8%).

Samkvæmt lánasamningum eru afborganir langtímaskulda eftirfarandi:

| | **30.9.2025** |
|---|---|
| 1.10.2025-30.9.2026 | 237.503 |
| 1.10.2026-31.12.2026 | 1.415 |
| 2027 | 27.619 |
| 2028 | 131.764 |
| 2029 | 69.384 |
| 2030 | 119.384 |
| Síðar | 130.687 |
| | 717.756 |

## 10. Samanburður á gangvirði og bókfærðu verði lána til tengdra aðila og langtímaskulda

| | **30.9.2025** | | **31.12.2024** | |
|---|---|---|---|---|
| | **Bókfært verð** | **Gangvirði** | **Bókfært verð** | **Gangvirði** |
| Vaxtaberandi lán til Ríkissjóðs | 216.731 | 221.863 | 223.305 | 226.710 |
| Vaxtaberandi langtímaskuldir | ( 717.756) | ( 734.401) | ( 745.727) | ( 741.939) |

Gangvirði annarra fjáreigna og fjárskulda er metið jafnt bókfærðu verði þeirra.

Við útreikning á gangvirði vaxtaberandi lána til tengdra aðila og langtímaskulda er notað vaxtaróf undirliggjandi mynta við núvirðingu á væntu sjóðstreymi.

## 11. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:

| | **30.9.2025** | **31.12.2024** |
|---|---|---|
| Viðskiptaskuldir | 36.075 | 1.029 |
| Áfallnir vextir | 7.168 | 6.795 |
| Virðisaukaskattur | 17.097 | 15.468 |
| Ógreiddur tekjuskattur vegna fyrra árs | 3.854 | 0 |
| Ógreiddur arður | 105.000 | 0 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 13.969 | 14.358 |
| | 183.163 | 37.650 |

# Skýringar, frh.:

## 12. Flokkun gangvirðis

Útreikningar á gangvirði innbyggðra afleiða taka mið af framvirku álverði í LME kauphöllinni og miðast að hámarki við tímalengd framvirks álferils, eða 123 mánuði. Það er mat stjórnenda að væntingar um álverð eftir meira en tíu ár endurspegli álverð þegar samningar voru gerðir og því myndist ekki gangvirðisbreytingar vegna þess tímabils. Gangvirði afleiða annarra en innbyggðra afleiða er byggt á uppgefnu mati mótaðila og er sannreynt af Landsvirkjun með samanburðarútreikningum byggðum á markaðsgögnum.

Taflan sýnir stigskiptingu þeirra liða árshlutareiknings sem færðir eru á gangvirði.

| | Stig 2 | Stig 3 | Samtals |
|---|---|---|---|
| **30.9.2025** | | | |
| Innbyggðar afleiður | | 60.893 | 60.893 |
| Aðrar afleiður | 2.527 | | 2.527 |
| Eignarhlutir í öðrum félögum | | 786 | 786 |
| | 2.527 | 61.679 | 64.206 |
| | | | |
| **31.12.2024** | | | |
| Innbyggðar afleiður | | 42.127 | 42.127 |
| Aðrar afleiður | ( 775) | | ( 775) |
| Eignarhlutar í öðrum félögum | | 690 | 690 |
| | ( 775) | 42.817 | 42.042 |

## 13. Atburðir eftir lok reikningsskiladags

Bilun varð í rafbúnaði í álveri Norðuráls við Grundartanga í október. Hún leiddi til þess að framleiðsla álversins dróst saman um tvo þriðju. Óvíst er hvenær álverið verður komið í fullan rekstur á ný. Landsvirkjun sér Norðuráli fyrir um þriðjungi þeirrar raforku sem álverið notar.

## 14. Önnur mál

Samkeppniseftirlitið tilkynnti Landsvirkjun með bréfi dagsettu 9. febrúar 2024 að það hefði ákveðið að hefja rannsókn á því hvort að ákvæði í samningum við stórnotendur sem kveða á um að óheimilt sé að endurselja raforku samkvæmt langtímaraforkusamningum, nema með samþykki Landsvirkjunar, brjóti í bága við ákvæði samkeppnislaga eða ákvæði EES samningsins.

Í kjölfar kvörtunar hefur Samkeppniseftirlitið frá árinu 2020 haft til skoðunar og rannsóknar hvort að þátttaka Landsvirkjunar í tapaútboðum Landsnets hf. á tímabilinu 2017-2021 hafi falið í sér brot á samkeppnislögum. Samkeppniseftirlitið komst að þeirri niðurstöðu þann 18. ágúst sl. að Landsvirkjun hafi selt Landsneti rafmagn á of lágu verði og sektaði félagið um 1,4 milljarða króna. Landsvirkjun hefur kært ákvörðun Samkeppniseftirlits til áfrýjunarnefndar samkeppnismála.

ESA, Eftirlitsstofnun EFTA tilkynnti þann 30. apríl ákvörðun um að opna rannsókn á því hvort Landsvirkjun hafi brotið gegn samkeppnisreglum EES með því að neita að afhenda raforku til fyrirtækja sem leituðust eftir því að framleiða vetni og/eða rafeldsneyti. Eingöngu er um að ræða ákvörðun um að opna rannsókn og felur ekki í sér að ESA hafi komist að niðurstöðu um brot né vísbendingu um endanlega niðurstöðu rannsóknar.